


Listasafn Íslands (málverk eftir Jóhannes Kjarval)



Jón Arason og synir hans, heitir þessi Kjarvalsmynd



Jóhannes Kjarval árið 1935



fólk í listum

ÞRJÁR STÓRAR SÝNINGAR

Þrjár meiriháttar málverkasýningar voru opnaðar um síðustu helgi. Kjarvalssýning með rúmleg fimmtíu myndum, Baltasar opnaði á Kjarvalsstöðum í vestursal og Sigríður Björnsdóttir opnaði sýningu á verkum sínum í Norræna-húsinu.

Kjarvalssýningin

Kjarvalssýningin 1977 verður að telja meiri háttar viðburð, því fæstar þessara mynda hafa áður komið fyrir almennings sjónir. Góðir menn, einstaklingar hafa tekið þær ofan af vegg heima hjá sér og lánað þær til sýningarinnar, og er þetta dæmalaust örlæti, og það sama hafa nokkrar stofnanir gert, en örfáar myndirnar eru í eigu borgarinnar.

Borgarstjórinn í Reykjavík ritar ávarp, sem birt er í sýningarskrá og þar segir m.a. þetta:

„Frá því að Kjarvalsstaðir tóku til starfa árið 1973, hafa verið haldnar í húsinu nokkrar sýningar á myndum Jóhannesar S. Kjarvals, enda að því stefnt, að eystri salur hússins skyldi sérstaklega ætlaður til sýninga á verkum hans. Stundum hefur þó salurinn verið tekinn til annarra sýninga þannig, að sýningar á myndum Kjarvals hafa ekki verið óslitið hér í húsinu.

Nú er opnuð hér ný sýning á myndum Kjarvals. Safnað hefur verið saman myndum, sem allar eru í einkaeign, að undanteknum tveim stærstu myndunum, sem eru eign borgarinnar. Fæstar þessar myndir hafa áður verið sýndar opinberlega á sýningu, og því er mikill fengur að því, að borgarbúar og aðrir, sem hingað eiga leið sína, fái tækifæri til að kynnast þeim. Myndirnar spanna yfir langt tímabil. Sú elzta er frá árinu 1917, en sú yngsta frá árinu 1968, en það ár fór Kjarval á sjúkrahús og átti þaðan ekki afturkvæmt. Málaði hann ekkert eftir það. Að vísu eru allmiklar eyður í sýningunni, þ.e. ákveðin tímabil vantar, en tilgangurinn er fyrst og fremst að kynna sýnishorn af hinni ótrúlega fjölbreyttu list Kjarvals. Fræðilegt yfirlit yfir hin einstöku tímabil í listferli Kjarvals verður að bíða betri tíma."

Það skal strax tekið fram, að hér er um framúrskarandi góða sýningu að ræða og fjölbreytta. Þarna er að sjá bæði frægar myndir og eins myndir, sem enginn vissi að væru til. Nýjar hliðar hafa komið í ljós á lífsverki meistarans, sem var þó stórbrotinn fyrir. Einkum eru það eldri myndirnar sem koma skemmtilega fyrir sjónir og má t.d. nefna mynd af Jóni Arasyni og sonum hans, en sú mynd var máluð árið 1921.

Myndirnar völdu þeir Alfreð Guðmundsson, forstöðumaður Kjarvalsstaða og listamennirnir Jóhannes Jóhannesson og Guðmundur Benediktsson.

Baltasar

Baltasar sýnir fimmtíu málverk að þessu sinni og 40 teikningar úr myndasafni Guðna Jóns Guðbjartssonar af öllum ábúendum Grímsneshrepps, en þær myndir voru teiknaðar á árunum 1965-1966.

Baltasar B. Samper er sem kunnugt er spænskur að ætt, en hefur dvalizt hér á landi, eða hefur verið búsettur hér svo lengi, að hann hefur fyrir löngu samlagast vorri þjóð. Samt hefur uppruninn líklega gefið honum nokkra sérstöðu sem myndlistarmaður, því glöggt er gestsaugað eins og þar stendur.

Það er dálítið örðugt að meta málverk þessa listamanns, en því veldur óvenjuleg þróuð tækni, sem í raun og veru bjargar öllum myndum frá því að verða verulega vondar. Þetta veldur því, að stundum virðast verk Baltasars vera yfirborðsleg í öllum sínum glæsileik. Óbeizlað litaflóð, rauðir hestar og gulir með reistan makka renna yfir landið.

Ef til vill á þetta rætur að rekja til upprunans, úr hinum ástríðufulla spænska heimi, að



Málverk eftir Baltasar.